

Alþingi  
Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
(sent á rafrænu formi á nefndasvid@althingi.is)

Ísafirði 18. júní 2015

**144. löggjafarþing, mál 775, þingsályktun „áætlun um meðferð og ráðstöfun aflamagns sem dregið er frá heildarafla skv. 5. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006“**

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga (FV) tók ofangreint mál til umfjöllunar á fundi sínum þann 8. júní s.l.. Stjórn FV vill af þessu tilefni vekja athygli atvinnuveganefndar Alþingis á ályktunum 59. Fjórðungsþings Vestfirðinga sem innlegg í umræðu um þessa þingsályktun.

**Línuívilnun 59.** Fjórðungsþing Vestfjarða haldið á Þingeyri 3.-4. október 2014 krefst þess að þær skerðingar sem áttu sér stað á aflamarki til línuívilnunar í ýsu og steinbít verði afturkallaðar strax og línuívilnun í þessum tegundum verði færð úr 20% í 30%.

Greinargerð: Þeir erfiðleikar sem smábátasjómenn á Vestfjörðum standa nú frammi fyrir þar sem flestir firðir og flóar eru með mikið af ýsu en þorskur liggur mjög djúpt á veiðislóð smábáta gerir veiðar smábáta mjög erfiðar. 20% skerðing á aflamarki í ýsu á nýbyrjuðu fiskveiðiári gerir alla sjósókn smábáta mjög erfiða. Að ætla að skerða línuívilnun ofan í skerðingu á aflamarki í ýsu er því galið. Skerðingu á aflamarki mætti lina mikið með hækkun á línuívilnun í ýsu og steinbít. Skerðing þessi leiðir einnig til fækkunar starfa við beitingu í landi.

**Strandveiðar 59.** Fjórðungsþing Vestfjarða haldið á Þingeyri 3.-4. október 2014 fer fram á að misskipting varðandi fjölda veiðidaga á strandveiðum verði tafarlaust lagfærð. Greinargerð: Eins og staðan er í dag þá geta strandveiðibátar sem róa á svæði A sem nær frá miðjum Faxaflóa til og með Súðavíkurbreppi aðeins róið 4 til 6 daga meðan önnur strandveiðisvæði eru með veiðidaga upp í 12 til 16 veiðidaga sömu mánuði.

**Veiðigjald 59.** Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Þingeyri 3. og 4. október 2014 krefst þess að veiðileyfagjald smábáta á makrílveiðum verði stórlega lækkað þar sem það stuðlar klárlega ekki að arðsemi sem þarf til að hægt sé að stunda makrílveiðar smábáta.

Greinargerð: Ljóst má vera að það veiðileyfagjald sem smábátum er gert að greiða af makrílveiðum er ekki til þess fallið að efla makrílveiðar smábáta miðað við þann mikla startkostnað sem þarf til að veiðarnar geti staðið undir sér. Sú ákvörðun sjávarútvegsráðherra að stöðva veiðarnar fyrirvaralaust gerði dæmið enn verra en ella hefði orðið ef veiðarnar hefðu mátt standa til dæmis út september.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.